



Fréttabréf Naustaskóla

11. tölublað, 7. árgangur, 1. desember 2014

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Útgáfa símaskrár

Nemendur í 10. bekk ætla á næstunni að gefa út símaskrá með upplýsingum um nemendur í skólanum, í fjáröflunarskyni fyrir útskriftarferð vorsins. Henni verður dreift til þeirra heimila sem standa að skólanum en verður kostuð með auglýsingum frá fyrirtækjum. Ef einhverjir vilja ekki að upplýsingar um börn þeirra birtist í símaskránni biðjum við viðkomandi um að hafa samband við ritara skólans fyrir 5. desember nk.

Jóladagatöl á vefnum

Við minnum á jóladagatöl Námsmatsstofnunar og Umferðarstofu sem bæði gaman og gagnlegt getur verið fyrir nemendur að kíkja á, sjá nánar á heimasíðu skólans... www.naustaskoli.is

Frístund milli jóla og nýárs

Nú eru aðeins tveir virkir dagar milli jóla og nýárs. Þeir foreldrar sem óska eftir að nýta sér þjónustu Frístundar þessa daga (mánudaginn 29. og/eða þriðjudaginn 30. desember) eru beðnir um að senda Hrafnhildi forstöðumanni tölvupóst fyrir 15. desember. Netfangið er hrafnhildurst@akmennt.is

Klæða sig vel!

Margir nemendur eru orðnir svo vanir sumarblíðunni að þeir eru hættilir að koma með húfur og vettlinga í skólann... Muna að klæða sig vel - það er sko vetur og oft kalt..! ☺

Kæra skólasamfélag

Við rennum okkur nú inn í desembermánuðinn, sem einkennist að venju nokkuð af skreyti-, föndur- og huggulegheitapörf sem virðist nánast trylla (suma) stóra og smáa á þessum árstíma. Af því tilefni höfum við hefðbundna umhyggju- og samvinnuþemadaga í tvo daga í síðustu vikunni fyrir jólafrí en að öðru leyti er um nokkuð hefðbundið skólastarf að ræða í mánuðinum. Við minnum á að nú í fyrstu viku mánaðarins sendum við heim matsmöppurnar og biðjum foreldra um að líta yfir þær með krökkunum og nota tækifærið til að ræða saman um námið og starfið í skólanum. Jafnframt bendum við á að á mentor.is má finna upplýsingar um stöðu nemenda í náminu undir "námsmarkmið" og í verkefnabókum.

Með ósk um góða og notalega aðventu og síðan gleðilega hátíð okkur öllum til handa!
Ágúst Jakobsson, skólastjóri


Höfðingleg gjöf til skólans

Á dögnum barst Naustaskóla höfðingleg gjöf frá fjórum nemendum skólans en þar er um að ræða safn fugla sem eru til sýnis í skápum við náttúrufræðistofu skólans. Gjöfinni fylgdi skjal með svohljóðandi texta: "Hér með er Naustaskóla fært að gjöf safn fugla sem afi okkar, Stefán Baldursson, safnaði og stoppaði upp. Tilgangur gjafarinnar er að vekja áhuga nemenda skólans um náttúru Íslands og stuðla að aukinni vitund þeirra um það fjölskrúðuga fuglalíf sem hér á landi er. Í safninu má finna 25 fugla, bæði stóra og smáa. Með kærri kveðju og von um ys og þys við fuglaskápinn, Monika Birta og Friðrika Vaka Baldvinsdætur, Atli og Baldur Ásgeirssynir" Við þökkum kærlega fyrir þessa góðu gjöf og hvetjum alla til að gefa sér góðan tíma til að skoða safnið.



Nýr fræðslustjóri

Soffía Vagnsdóttir tók við starfi fræðslustjóra Akureyrarbæjar þann 1. nóvember sl. Hún kemur frá Bolungarvík þar sem hún hefur starfað sem skólastjóri undanfarin ár. Við bjóðum Soffíu velkomna til starfa!



Árshátíðarböllin

Dagana 4. og 5. desember höldum við árshátíðarböllin okkar sem hér segir:

Fimmtudaginn 4. desember verða böll kl. 16:00-17:30 fyrir 1.-3. bekk og kl. 18:00-20:00 fyrir 4.-6. bekk. Aðgangseyrir er 500 kr.

Föstudaginn 5. desember verður svo ball fyrir nemendur í 8.-10. bekk, það hefst kl. 20:00 og stendur til kl. 23:30. Aðgangseyrir er 1.200 kr. MC Gauti og Áttan sjá um tónlistina.

Litlu jólin

Litlu jólin í Naustaskóla verða föstudaginn 19. desember. Að þeim loknum fara nemendur í jólafrí.

Á litlu jólinum mæta allir nemendur kl. 8:30 og skóladeginum lýkur kl. 11:00.

Frístund verður opin á litlujóladaginn kl. 7:45-16:15.

Kennsla að loknu jólafrí hefst skv. stundaskrá þriðjudaginn 6. janúar.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Desember 2014

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1 Plökkfiskur, rúgbrauð og gúrka. Ávextir. Smíðjuskil hjá 4.-7.b.	2 Lasagna og kartöflur. Ávextir. Opíð hús 8-10b	3 Fiskur í raspi, hrísgrjón, köld súrmjólkursúpa og salatbar. Ávextir.	4 Tortillur með nautakjöti og salat. Ávextir. Ball fyrir 1.-3.b kl. 16:00 til 17:30 og fyrir 4.-6.b. kl. 18:00-20:00	5 Hrísgrjónagrautur, slátur og salatbar. Ávextir. Árshátíðarball unglíngastígs	6
7	8 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og tómatsósa. Ávextir.	9 Hakkabuff, kartöflur, gúrka og brún sósa. Ávextir. Opíð hús 8-10b	10 Fiskur Björkeby, hýðis-hrísgrjón, salat og blað-laukssósa. Ávextir. Jólahúfudagur	11 Steiktir kjúklingaleggir, kartöflur og tómát-kryddressing. Ávextir. Opíð hús 5-7 b kl. 14:30 -16:00	12 Skyr, brauð og álegg. Salatbar. Ávextir.	13
14	15 Hakk, spaghetti og gúrka. Ávextir. <i>Þemadagur, skóla lýkur 13:00</i>	16 Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og tómateiti. Salatbar. Ávextir. <i>Þemadagur, skóla lýkur 13:00</i> Opíð hús 8-10b	17 Jólamatur með tilheyrandi. Ávextir.	18 Indverskur fiskréttur, hrísgrjón og paprika. Ávextir.	19 Litlu jólin (Stuttur dagur hjá nemendum, Frístund opin frá 7:45) (Brokkoliosúpa, brauð og salatbar)	20
21	22 Frí en Frístund opin (Steiktur fiskur, rifnar gulrætur, kartöflur og piparsósa. Ávextir)	23 Frí en Frístund opin (Kjötbollur í súrsætri sósu, hrísgrjón og paprika. Ávextir)	24 Aðfangadagur	25 Jóladagur	26 Annar í jólum	27
28	29 Frí en Frístund opin (Snakkfiskur, kartöflur og salat. Ávextir)	30 Frí en Frístund opin (Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur. Ávextir)	31 Gamlársdagur	1 Nýársdagur	2 Frí en Frístund opin (Hrísgrjónagrautur og slátur)	3

Muna: Litlu jólin eru 19. des, jólafrí hefst að þeim loknum (Ath. tímasetningar litlu jóla á forsiðu)

Foreldrar sem óska eftir þjónustu Frístundar milli jóla og nýárs þurfa að skrá börn sín (sjá forsiðu)

Mánudagurinn 5. janúar er starfsdagur og þann dag er Frístund lokuð.

Kennsla að loknu jólaeyfi hefst svo skv. stundaskrá þriðjudaginn 6. janúar.